

Langanesbyggð
Langanesvegur 2
680 Þórshöfn

Reykjavík, 4.2.2025
UST202401-421/F.T.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávik í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 26.11.2024, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti á urðunarstað Langanesbyggðar í Bakkafirði þann 20.9.2024. Einnig voru opin eldri frávik. Þann 28.1.2024 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- Gr. 1.1 í starfsleyfi. Starfsleyfi rekstraraðila gildir fyrir móttöku til urðunar úrgangs. Önnur móttaka á úrgangi er óheimil og ber að fara inn á viðeigandi móttökustöð. Inn á urðunarstað eru gámar með brotajárni og raftækjum, kör með óvirkum og blönduðum úrgangi ásamt úr sér gegnum ökutækjum, vinnuvélum og vagnar sem tilheyra annarri starfsemi.

Í úrbótaáætlun segir að gámar, brotajárn og annað sem ekki tengist starfsemi urðunarstaðarins verði fjarlægð fyrir 10.06.2025 og komið í viðeigandi farveg. Öðrum úrgangi verður komið í réttan farveg. Rekstraraðili hyggst vera búinn að ákveða hvert sá úrgangur á að fara í apríl 2025.

Samkvæmt rekstraraðila er áætlað að hafa móttökustöð fyrir úrgang á svæðinu. Sótt verði um starfsleyfi fyrir móttöku úrgangs og það svæði tekið í gagnið samhliða nýjum áætlunum Langanesbyggðar í úrgangsmálum.

- Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að gera grein fyrir skráningum á innra eftirliti og vöktun vegna starfsemi sinnar sbr. 4.1 í starfsleyfi og ber að skila þeim í árlegri skýrslugjöf sbr. gr. 4.4 í starfsleyfi. Ekki hafa komið fram upplýsingar um niðurstöður vegna töluliða 3.– 4., 6. í heild sinni, ásamt töluliðum 7.–11 vegna ársins 2023.

Samkvæmt rekstraraðila voru niðurstöður sýnatöku sem send voru stofnuninni óvart merkt Þórshöfn, ekki Bakkafirði. Sýnin hafi þó átt við um Bakkafjörð. Umhverfis- og orkustofnun óskar eftir því að niðurstöður sýnatöku verði uppfærðar og sendar aftur, rétt merktar.

Rekstraraðili hefur sótt um breytingu á starfsleyfi sem fólst í því að skil á töluliðum 7-11 í gr. 4.1 myndu falla út. Umsóknin er til meðferðar hjá stofnuninni.

3. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Samantekt á niðurstöðum skráninga (öll atriði er koma fram í gr. 4.1 í starfsleyfi) var ekki skilað inn til Umhverfisstofnunar vegna ársins 2023. Skráningum úrgangs í gagnagátt hefur verið skilað, ásamt hluta af skráningum úr innra eftirliti (sjá nánar í umfjöllun í skýrslu).

Í úrbótaáætlun rekstraraðila segir að tekið hafi verið upp nýtt verklag við sýnatökur og skráningar. Umhverfisfulltrúi muni framvegis skila samfelldri skýrslu fyrir 1. maí ár hvert. Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á að í næsta ársyfirliti þurfi að koma fram skráningar á öllum atriðum sem koma fram í starfsleyfi og þá sérstaklega á atriðum 3 og 4 í gr. 4.1 um skráningar. Stofnunin hefur veitt rekstraraðila leiðbeiningar um að hægt sé að fá ráðgjafa til aðstoðar við að koma á mælingum.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar. Stofnunin óskar eftir því að fá uppfærðar niðurstöður sýnatöku, sbr. frávik 2, sendar sem fyrst.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur